

Útdráttur

HLJÓM-2 er próf sem kom fram gefið út árið 2002. Þetta próf hefur verið lagt fyrir börn á elsta ári í leikskóla víða um land. Farið er yfir hvað HLJÓM-2 er og hvernig það þróaðist. Í þessu verkefni verður leitast við að svara þeim spurningum hvernig HLJÓM-2 geti nýst leikskólakennurum til framdráttar til að finna börn sem eru með slaka hljóðkerfisvitund því að þá er hægt að þjálfra þau fyrir grunnskólagöngu, en HLJÓM-2 gagnast ekki sem slíkt nema að það fylgi þjálfun á eftir.

Hljóðkerfisvitund virðist skipta miklu máli í málþroska barna og í þeirri þróun sem verður á málþroskanum hjá leikskólabörnum. En hvernig er heppilegast að þjálfra hana? Farið er yfir nokkrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á hljóðkerfisvitund og þeim reynt að gera góð skil og niðurstöður kynntar.

Það fylgja ritgerðinni hugmyndir af verkefnum til að æfa hljóðkerfisvitund ætlað leikskólakennurum til að vinna með börnum, og svo er einnig fjallað um þátt foreldra í þessari þróun. Erfðir og menntun foreldra skipta máli hvað varðar færni í hljóðkerfisvitund. Fjallað er aðeins um lestrarerfiðleika og heilastarfsemi.

Vona ég að þetta verkefni eigi eftir að nýtast sem flestum leikskólakennurum í framtíðinni. Lengi býr að fyrstu gerð.